

Alþingi
Erindi nr. P 127/2311
komudagur 17. 7. 2002

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Alþingi – nefndarsvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2002

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur.

Samtökin gera ekki beinar athugasemdir við frumvarpið en vekja athygli á að í 13. gr. frumvarpsins eru umfangsmiklar reglugerðarheimildir þar sem tekið verður á kröfum um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang. Sumar þessara krafna koma til með að snerta atvinnulífið. Samtökin telja eðlilegt að eiga fulltrúa í undirbúningi að reglugerðum sem snerta umbjóðendur þeirra.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að urðunarstaðir skrái m.a. upplýsingar um urðað magn af úrgangi. Mikilvægt er að slík gagnasöfnun sé samræmd og að skipulega sé að henni staðið þar sem gögnin koma til með að nýtast vel í viðleitni við að minnka urðun og auka endurnýtingu og endurnotkun.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins



Óskar Mariússon



Ólafur Kjartansson